



ÁLIT NR. 05/2012

FLUGÖRYGGISSTOFNUNAR EVRÓPU

22. NÓVEMBER 2012

**á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um að koma á fót framkvæmdareglum
fyrir flugrekendur þriðja ríkis fyrir flutningaflug**

og

**á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um að koma á fót framkvæmdareglum
fyrir stofnunina við útgáfu leyfa til handa flugrekendum þriðja ríkis**

Flugrekendur þriðja ríkis

Efnisyfirlit

Stutt yfirlit	4
Skýring	5
I. Almennt	5
II. Umfang álitsins	5
III. Reglusamsetning	5
IV. Samráð	7
Forsíðureglugerð um flugrekendur þriðja ríkis (e. Third Country Operators);	8
I. Umfang	8
II. Yfirlit yfir athugasemdir	8
III. Skýringar	8
Viðauki 1 - hluti-TCO	10
I. Almennt	10
II. Yfirlit yfir athugasemdir	10
III. Skýringar	12
IV. efnahagsleg og stjórnsýsluleg áhrif breytinganna samanborið við CRD	16
V. hluti-TCO	16
VI. breytingar samanborið við CRD	16
VII. I . kafli - almennar kröfur	17
<i>Sérstök málefni</i>	17
TCO.100 gildissvið	17
TCO.110 tilkynnt frávik við ICAO	17
II. hluti - starfræksla loftfara	17
<i>Sérstök málefni</i>	17
TCO.200 almennar kröfur	17
IV. hluti - leyfisveiting til flugrekenda þriðja ríkis	17
<i>Sérstök málefni</i>	17
TCO.300 umsókn um leyfi	17
TCO.315 áframhaldandi gildi	18
VIII. hluti-ART	18
IX. I. kafli - almennt	18
<i>Sérstök málefni</i>	18

110. gr. miðlun upplýsinga	18
200. gr. upphaflegt matsferli-almennt	18
205 gr. upphaflegt matsferli - flugrekendur þriðja ríkis sem eru í rekstrarbanni	19
210. gr. leyfisveiting	19
215. grein eftirlit	19
220 gr. eftirlitsáætlun	19
230. gr. niðurstöður og leiðréttandi aðgerðir	20
235. gr. takmarkanir, svipting eða afturköllun á leyfum	20

Stutt yfirlit

Þetta álit inniheldur eftirfarandi skjöl:

- Forsíðureglugerð um flugrekendur þriðja ríkis (e. Third Country Operators, TCO);
- Viðauka 1 - hluti-TCO; skilyrði fyrir flugrekendur þriðja ríkis;
- Viðauka 2 - hluti-ART, leyfiskröfur fyrir leyfisveitingu flugrekenda þriðja ríkis.

Þetta álit er niðurstaða ítarlegs samráðsferlis stjórnvalda, samtaka og flugrekenda. Það inniheldur uppfærð drög að reglum fyrir flugrekendur þriðja ríkis sem stunda flutningaflug til, innan eða frá Evrópusambandinu (hluti-TCO) auk draga að reglum fyrir leyfisveitingu í upphafi, stöðuga vöktun og eftirfylgni við niðurstöður sem snerta flugrekendur þriðja ríkis (hluti-ART).

Gerð reglnanna byggði á eftirfarandi markmiðum:

- að tryggja hátt öryggisstig;
- að búa til sérstakar reglur, byggðar á meðalhófi, fyrir flugrekendur þriðja ríkis;
- að tryggja sveigjanleika og skilvirkni fyrir flugrekendur þriðja ríkis og stofnunina.

Helstu atriði og áhyggjur sem lesa má úr þeim athugasemdum og viðbrögðum, sem bárust, voru:

- möguleikinn á hefndarráðstöfunum gegn flugrekendum Evrópusambandsins;
- meðalhóf í matsaðferðarfræðinni;
- sambandið á milli reglnanna, sem lagðar voru til í NPA 2011-05 og reglugerðar (EB) nr. 2111/2005;
- fyrirhuguð gjöld fyrir leyfisveitinguna og viðvarandi vöktunar á flugrekendum þriðja ríkis.

Skýring

I. Almennt

1. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008¹ (hér á eftir nefnd 'grunnreglugerðin') eins og henni var breytingum með reglugerð (EB) nr. 1108/2009² kemur á hentugum og ítarlegum ramma fyrir skilgreiningu og útfærslu á almennum tæknilegum kröfum og stjórnsýsluferlum á sviði almenningssflugs.
2. Tilgangur þessa álits er að aðstoða framkvæmdastjórn Evrópusambandsins við að koma á framkvæmdarreglum fyrir flugrekendur þriðja ríkis.
3. Við samþykkt álitsins hefur verið farið eftir verklagi sem stjórn Flugöryggisstofnunar Evrópu (framvegis nefnd stofnunarinnar)³ lagði til í samræmi við ákvæði 19. gr. grunnreglugerðarinnar.

II. Umfang álitsins

4. Þetta álit inniheldur eftirfarandi skjöl:
 - - Forsíðureglugerð um TCO,
 - - Viðauka 1 - hluti-TCO; skilyrði fyrir flugrekendur þriðja ríkis,
 - Viðauka 2 - hluti-ART, leyfiskröfur fyrir leyfisveitingu flugrekenda þriðja ríkis.

III. Reglusamsetning


5. Eftirfarandi skýringarmynd gefur yfirlit yfir viðauka við reglugerðina um flugrekendur þriðja ríkis.

¹ Reglugerð Evrópuþingsins og Evrópuráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20 febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningssflug, stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu, og afnám tilskipunar Evrópuráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002, og tilskipunar 2004/36/EB. *Stjórnartíðindi EB L 79, 19.03.2008, bls. 1-49.*

² Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1108/2009 frá 21. október 2009 um breytingar á reglugerð (EB) nr. 216/2008 á sviði flugvalla, flugumferðarstjórnar og flugleiðsögupjónustu, og afnám tilskipunar 2006/33/EB. *Stjórnartíðindi EB L 309, 24.11.2009, bls. 51-70.*

³ Ákvörðun stjórnarinnar varðandi ferlið sem stofnunin skal beita við útgáfu álita, vottunarforskrifta og leiðbeiningarefnis (reglusamsetningarferli). *EASA MB 01-2012, 13.03.2012.*

Mynd 1: Viðaukar við reglugerðina um flugrekendur þriðja ríkis



6. Hluti-TCO inniheldur kröfurnar fyrir flugrekendur þriðja ríkis sem stunda flutningaflug til, innan eða frá Evrópusambandinu.
7. Þessi hluti skiptist í þrjá hluta:
 - I. hluti — almennar kröfur,
 - II. hluti - starfræksla loftfara,
 - III. hluti - leyfisveiting til flugrekenda þriðja ríkis.
8. NPA 2011-05 innihélt kröfur fyrir stofnunina (í undirkafli AR-TCO) um hvernig hún eigi að meðhöndla leyfisveitingar til flugrekenda þriðja ríkis og hvernig hún eigi að hafa eftirlit með þessum flugrekendum. Kröfurnar voru til fyllingar almennu kröfunum í hlutum I til III í Part-ARO.GEN (eins og þeir birtust í álit 04/2011⁴), sem giltu einnig fyrir stofnunina við leyfisveitingar og eftirlit með flugrekendum þriðja ríkis.
9. Hluti-ART inniheldur allar kröfurnar, meðal annars viðeigandi kröfur, sem finna má í hlutum I til II, í hluta-ARO.GEN, sem gilda um stofnunina við leyfisveitingar og eftirlit með flugrekendum þriðja ríkis sem fljúga til, innan eða frá ESB.
10. Þessi hluti skiptist í tvo hluta:
 - Kafli 1 - almennt,
 - Kafli 2 - leyfisveiting, umsjón og framfylgd

⁴ Álit 04/2011 drög að reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr /. af um leyfiskröfur og stofnanakröfur. Fáanlegt á heimasíðu stofnunarinnar: <http://easa.europa.eu/agency-measures/opinions.php>.

IV. Samráð

11. Þetta álit byggir á NPA 2011-05, sem inniheldur drög að tillögum um framkvæmdarreglur (FR) og viðurkenndar leiðir til sannprófunar (VLS) og leiðbeiningarefni (LE) fyrir stofnunina og flugrekendur þriðja ríkis.
12. NPA var birt á vefsíðu stofnunarinnar (www.easa.europa.eu) 1. apríl 2011 og samráðstímabili við almenning lauk 8. júlí 2011. Stofnuninni bárust 234 athugasemdir frá 39 aðilum, þar á meðal innlendum flugmálayfirvöldum (NAAs), fagstofnunum og einkafyrirtækjum.
13. Stofnunin kallaði einnig saman og tók þátt í fjölmörgum fundum við aðildarríkin og fulltrúa frá iðnaðinum sem veittu stofnuninni ráðgjöf um ákveðin efni, t.d. meðalhóf við matsaðferðarfræðina og tengslin við reglugerð (EB) nr. 2111/2005⁵.
14. Á grundvelli ítarlegs samráðs við yfirvöld, samtök og flugrekendur birti stofnunin CRD hinn 26 janúar 2012. Svartíma lauk þann 26 mars 2012. Stofnuninni bárust 29 svör frá 11 NAAs, fag- og einkafyrirtækjum.

⁵ Reglugerð (EB) nr. 2111/2005 frá Evrópuþinginu og ráðinu frá 14. desember 2005 um gerð lista yfir flugrekstraraðila sem eru í rekstrarbanni innan sambandsins og upplýsingagjöf til farþega um einkenni flugrekstraraðilans, og afnám 9. greinar í tilskipun 2004/36/EB. *Stjórnartíðindi Evrópu L 344, 27.12.2005, bls. 15-22.*

Forsíðureglugerð um flugrekendur þriðja ríkis (e. Third Country Operators):

I. Umfang

15. Forsíðureglugerðin skilgreinir almennt gildissvið kaflanna sem hún tekur til og leggur til aðlögunarráðstafanir.

II. Yfirlit yfir athugasemdir

16. Viðbrögðin, sem bárust við forsíðureglugerðinni, fjölluðu um hæfisviðmið fyrir flugrekendur þriðja ríkis, aðlögunarráðstafanirnar og ákvæði um gildistöku.

III. Skýringar

17. Forsíðureglugerðin, sem birt er í þessu álit, inniheldur, í samræmi við grein 4,1(d) og 9 í grunnreglugerðinni, kröfur á hendur flugrekendum þriðja ríkis við notkun flugvéla sem skráðar eru í þriðja ríki.
18. 2. grein inniheldur skilgreiningar á hugtökum sem notuð eru í forsíðureglugerðinni og viðaukum 1 og 2 við þessa reglugerð. Skilgreiningin á flutningaflugsrekstri (CAT) er fengin úr ICAO viðauka 6 og hefur verið lítillega breytt til þess að taka mið af skilgreiningu á flugrekstri í 'viðskiptalegum tilgangi' í grein 3(i) í grunnreglugerðinni. Þetta er sama skilgreining og notuð er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012. Skilgreiningin á höfuðstöðvum er í samræmi við skilgreininguna, sem notuð er í viðauka I við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB nr. 965/2012. Skilgreiningunni á öðrum leiðum til þess að fullnægja skilyrðunum hefur verið bætt við til þess að halda samræmi við viðauka VI við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 290/2012 um breytingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 og viðauka II við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012. Skilgreiningu á flugi hefur verið bætt við í samræmi við nýkynnta nálgun á flugi sem ekki er áætlunarflug. Þessi skilgreining er líka notuð í reglugerð (EB) nr. 1008/2008.
19. 3. grein inniheldur kröfur um að flugrekendur þriðja ríkis skuli hafa leyfi útgefið af stofnuninni í samræmi við viðauka 2 við þessa reglugerð.
20. 4. grein um hæfi hefur verið eytt.
21. 4. grein inniheldur gildistökuákvæði. 2. málsgrein tilgreinir að lögbær yfirvöld í aðildarríki skuli halda áfram að gefa út og endurnýja rekstrarleyfi eða jafngild skjöl samkvæmt innlendum rétti aðildarríkisins í 30 mánuði eftir gildistöku þessarar reglugerðar eða fram að þeirri dagsetningu, sem stofnunin hefur ákveðið, í samræmi við viðauka 2 við þessa reglugerð. Þessi nálgun var valin til þess að tryggja áframhald núverandi flugs flugrekenda þriðja ríkis til ESB því aðildarríkin búa við mismunandi reglur um samþykki og mismunandi gildistímabil við veitingu flugrekstrarleyfa. Lagt er til 30 mánaða aðlögunartímabil til þess að gefa stofnuninni nægjanlega tíma til að undirbúa útgáfu leyfanna og eftirlit með flugrekendum þriðja ríkis. Þegar aðildarríki gefur ekki út flugrekstrarleyfi, ætti

flugrekandi þriðja ríkis að sækja um leyfi til stofnunarinnar eftir gildistöku þessarar reglugerðar. Stofnunin mun leggja mat á umsóknina í samræmi við viðauka 2 við þessa reglugerð. Flugrekandinn skal sækja um leyfi eigi síðar en 6 mánuðum eftir gildistöku þessarar reglugerðar. Umsóknir sem berast eftir þann tíma verða ef til vill ekki teknar til skoðunar fyrr en í lok hins 30 mánaða tímabils sem þýðir að stöðva gæti þurft flug til ESB þar til stofnunin hefur gefið út leyfi.

Viðauki 1 - hluti-TCO

I. Almennt

22. Hluti-TCO, eins og hann er lagður til í þessu álitu, samanstendur af þremur köflum:
- I. hluti — almennar kröfur,
 - II. hluti - starfræksla loftfara,
 - III. hluti - leyfisveiting til flugrekenda þriðja ríkis.
23. Sá texti sem lagður er til í álitinu endurspeglar þær breytingar sem gerðar hafa verið á upphaflegum tillögum stofnunarinnar (eins og þær voru gefnar út í NPA 2011-05) að viðhöfðu almennu samráði, sem og frekari breytingar sem gerðar voru í kjölfar greiningar og mats á viðbrögðum við CRD.

II. Yfirlit yfir athugasemdir

24. Eins og athugasemdirnar til NPA 2011-05 gáfu til kynna beindust viðbrögðin við CRD að möguleikanum á að gisti-NAAs flugrekenda þriðja ríkis myndu hefna sín með því að leggja á gagnkvæm gjöld þegar gjöldin fyrir leyfi þeirra yrðu hækkuð. Enn fremur, þar sem stofnunin er hvorki vottunar- né eftirlitsyfirvald er talið að hækkun gjaldanna sé óviðeigandi.
25. Eins og þegar kemur fram í CRD álitur stofnunin að gjaldtaka falli utan við gildissvið þessa álits. Allar athugasemdirnar, sem komu fram, verða teknar til ítarlegrar skoðunar og metnar þegar kemur að breytingum á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 593/2007⁶, hinni svo kölluðu þóknana- & gjaldtökureglugerð, þar sem nákvæmari upplýsingar koma fram.
26. Fyrirvarar við matsaðferðarfræðina á flugrekendum þriðja ríkis, sem lagðir eru til, voru einnig ítrekaðir því tillagan í CRD er enn álitin ganga gegn meðalhófi, vera of flókin, of ítarleg þegar kemur að meginreglunni um gagnkvæma viðurkenningu á vottorðum samkvæmt Chicago samningnum og hafa í för með sér óæskilegt álag á flugrekendur þriðja ríkis. Matið á flugrekendum þriðja ríkis ætti því að einfalda og takmarka það við skrifborðsendurskoðun. Slík skrifborðsendurskoðun ætti að byggja á ICAO endurskoðunaráætluninni um alþjóðlega öryggisumsjón (USOAP), alþjóðlega gagnabankanum fyrir ICAO flugrekstrarleyfi (AOC) og alþjóðlegu áætluninni um flugöryggisþögn (IOSA).
27. Einnig var bent á að reglugerð (EB) nr. 2111/2005 hafi þegar komið á fót nauðsynlegum lagaákvæðum til þess að tryggja öryggi ríkisborgara ESB og að eftirlit á staðnum ætti að framkvæma samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2111/2005.
28. Að lokum virðist nokkrum hagsmunaaðilum að með þessari tillögu sé stofnunin de facto að taka yfir eftirlitsskyldu heimaríkis flugrekandans eða skráningarríkisins. Bent var á að ábyrgðin á öryggiseftirliti ætti ekki að flytjast frá ICAO sambandsríkjunum til stofnunarinnar.

⁶ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 593/2007 frá 31. maí 2007 um þóknana og gjöld af hálfu flugöryggisstofnunar Evrópu.

29. Vissulega liggur meginábyrgðin á öryggisefirliti með öllum flugrekendum hjá heimaríki flugrekandans sem gaf út AOC. Stofnunin virðir að fullu þá ábyrgð sem gefin er heimaríki flugrekandans í Chicago samningnum og hefur ekki í hyggju að taka yfir neinar af þeim skyldum sem taldar eru upp að ofan. Leyfisferlið fyrir flugrekendur þriðja ríkis ætti frekar að skilja sem staðfestingarferli sem miðar að því að sannreyna áreiðanleika þeirra upplýsinga sem upphaflega voru vottaðar.
30. Enn fremur áttar stofnunin sig á því af viðbrögðum, sem henni bárust, að sá háttur hvernig matsaðferðarfræðin er kynnt í upphaflegu tillögum hennar og útskýringarnar í NPA og CRD gætu hafa talið fólki trú um að matsaðferðarfræðin sé frekar ströng og útvíkki umboð stofnunarinnar sem löggjafinn hefur veitt henni. Eins og nefnt var að ofan hefur það aldrei verið ætlun stofnunarinnar að taka yfir hlutverk eftirlitsríkisins eða beita stífri matsaðferðafræði.
31. Til þess að endurspeglar þessa fyrirætlun með fullnægjandi hætti og til þess að taka af alla tvíræðni hvað varðar hlutverk stofnunarinnar hefur ákvæðunum í hluta-ART, sem tengjast matsaðferðafræðinni fyrir upphafs- og eftirlitsáfangann, verið breytt. Nákvæmari útskýringar verða gefnar í málsgreinum 39-50.
32. Í nokkrum athugasemdum var ítrekað að meginreglan um gagnkvæma viðurkenningu vottorða endurspeglar ekki með fullnægjandi hætti í þessu NPA og að stofnunin ætti að viðurkenna erlend AOCs eins og þau eru skilgreind í ICAO viðauka 6 hluta I 4.2.2.1.
33. Eins og áður hefur verið gefið til kynna í CRD, segir 33. grein Chicago samningsins að lofthæfisvottorð og hæfnisvottorð og skírteini, sem gefin eru út, eða metin gild, af ríkinu þar sem loftfarið er skráð, skuli viðurkennt af öðrum ríkjum að því gefnu að þær kröfur sem slík vottorð eða skírteini eru gefin út á eða metin gild jafngildi eða séu ofar þeim lágmarksstöðlum sem ráða má endrum og eins af samningnum. Stofnunin virðir 33. grein Chicago samningsins hvað varðar vottorð um lofthæfi/hæfi og skírteini í gegn um umsóknarferli flugrekenda þriðja ríkis um leyfi eins framarlega og unnt er. Hins vegar er ekki tekið á viðurkenningu á AOCs í þessari grein eða öðrum greinum Chicago samningsins. Krafan fyrir viðurkenningu var víkkuð út til AOCs með viðauka 6 hluta I 4.2.2.1. Meginreglan um gagnkvæma viðurkenningu á AOCs eins og hún birtist í ICAO viðauka 6 hluta I 4.2.2.1 er ekki hugsuð án takmarkana. Erlent AOC skal einungis viðurkenna að því gefnu að kröfurnar fyrir útgáfu vottorðsins hafi að minnsta kosti verið jafngildar gildandi stöðlum sem tilgreindir eru í þessum viðauka. Hluti-TCO var gerður til þess að tryggja einmitt þessar forkröfur. Leyfisferlið sannreynir að kröfurnar fyrir útgáfu erlends AOC séu að minnsta kosti jafngildar gildandi stöðlum.
34. Viðbrögðin við tengslunum á milli hluta-TCO og **reglugerðar (EB) nr. 2111/2005** sýndu aftur mikilvægi þess að báðar reglugerðirnar séu skýrar. Forðast ætti tvítekingu á ferlum og því ættu ferlarnir tveir að vera greinilega aðgreindir. Einnig var gefið til kynna að afturköllun á leyfi ætti einungis að eiga sér stað eftir að ákvörðun hafi verið tekin um að flugrekandi fari á öryggislista ESB. Það var talið rökrétt fyrir umsóknir frá flugrekendum í rekstrarbanni að þeir séu einnig álitnir sem hluti af ferlinu fyrir því að aflétta rekstrarbanni. Hins vegar stönguðust nokkrar athugasemdir á. Í einni athugasemd var meginreglunni um að leyfa flugrekendum í banni að sækja um leyfi hafnað þar sem það gæti leitt til stríðandi ákvarðanatöku á meðan önnur athugasemd var mjög jákvæð í garð nálgunarinnar í upphaflegu tillögunni. Vafi lék á meginreglunni, sem birtist í

upphaflegu tillögunni, að leyfa einungis flugrekendum í banni frá ESB vegna lélegrar frammistöðu flugrekandans sjálf, vegna þess að hún gæti verið mismunandi í garð flugrekanda í banni vegna ófullnægjandi eftirlits eftirlitsríkisins.

35. Stofnunin staðfestir að samspilið á milli reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 og hluta-TCO þurfi að samræma betur. Af þeim sökum hefur stofnunin samrænt og samstillt hluta-TCO í náninni samvinnu við framkvæmdastjórnina til þess að tryggja snurðulausa samþættingu og forðast stríðandi ráðstafanir og að hlutverk séu skýr. Í þessum tilgangi hefur stofnunin gert breytingar til viðbótar við ákvæðin í forsiðureglugerðinni og hluta-ART. Stór munur á milli upphaflegu tillögunnar og álitsins er sá að allir flugrekendur þriðja ríkis í banni fullnægja nú skilyrðum um að geta sótt um. Nákvæmari útskýring á hvernig stofnunin hyggst ná fram samspili við reglugerð (EB) nr. 2111/2005 verður að finna í málgreinum 51-60.
36. Einnig var lýst áhyggjum varðandi tímarammann fyrir innsendingu umsóknar. Mælt var með því að draga úr tímabilinu fyrir því að senda inn umsókn fyrir tímasetta eða röð ótímasettra þjónustu við loftför í 30 daga. Einnig var talið mikilvægt að reglurnar tilgreini sérstaklega að í tilviki óvæntra eða áriðandi rekstrarþarfa (ad-hoc fluga) mætti senda inn umsóknir skömmu fyrir fyrirhugaða upphafsdagsetningu rekstrarins. Sumir lögðu til að draga mjög úr tímarammanum fyrir ad-hoc flug (3 til 7 dagar) eða að undanskilja flugrekendur frá því að vera leyfishafar þegar þeir framkvæma einungis 3 til 6 flug.
37. Í kjölfar athugasemdanna ályktaði stofnunin að tímaramminn fyrir innsendingu umsókna mætti minnka í 30 daga fyrir áætlunarflug eða áætlun um flugþjónustu sem ekki er áætlunarflug. Þegar um áriðandi rekstrarþörf er um að ræða hefur tímaramminn fyrir innsendingu umsóknar verið minnkaður í 7 daga fyrir fyrirhugaða upphafsdagsetningu rekstrarins. Hins vegar er leyfi fyrir slíkum flugum takmörkuð við að hámarki 4 flug á 12 mánaða samfelldu tímabili. Enn fremur getur flugrekandinn einungis fengið slíkt leyfi einu sinni á hverju almanaksári.
38. Að lokum hefur skyldan fyrir því að vinna umsókn innan fyrrnefnds tímaramma verið flutt á herðar stofnunarinnar og því verið flutt yfir í ART.200(b).

III. Skýringar

Aðferðafræði mats

39. Eins og áður hefur verið gefið til kynna í þessu áliti eiga allir flugrekendur í banni kost á því að sækja um leyfi. Af því leiðir að greinarmunur hefur verið gerður á matsferlinu fyrir flugrekendur í banni og þá sem ekki eru í banni hvað eftirlit varðar.
40. Hjá flugrekendum, **sem ekki eru í banni**, verður skrifborðsendurskoðunin ráðandi þáttur í leyfisferlinu. Það mun byggja á alþjóðlega viðurkenndum eftirlitsskýrslum um öryggi, eins og ICAO USOAP, hlaðskoðanir og öðrum viðurkenndum öryggisupplýsingum, t.d. IOSA niðurstöðum. Með því að skoða hvaðan upplýsingarnar berast og framkvæma eðlilegt og yfirvegað mat á öryggisupplýsingum úr ferlinu er reynt að tryggja óhlutdrægni og meðalhóf eins og framast er unnt.
41. Einungis í málum sem krefjast nákvæmara mats sem ekki er hægt að framkvæma með einfaldri skoðun, .t.d. vegna ófullnægjandi eða úreltra upplýsinga eða í þeim

tilvikum sem grunur leikur á um öryggisvandamál, skal stofnunin framkvæma ítarlegra mat. Hins vegar skal slíkt ítarlegra mat einungis vera að því marki sem nauðsynlegt er til þess að koma á trausti. Ekki er séð fram á neinar endurskoðanir í upphafsáfangi flugrekenda sem ekki eru í banni.

42. Matsaðferðin, sem notuð er á, **flugrekendur í banni** verður ítarlegri hvað varðar grannskoðun samanborið við matið á flugrekendum ekki í banni þar sem stofnunin mun einnig framkvæma endurskoðun á staðnum á athafnasvæði flugrekandans samkvæmt eftirfarandi skilyrðum sem skilgreind eru í grein 205(c).
- niðurstaða matsins, sem framkvæmt er, meðal annars upplýsingar frá viðræðufundum/rannsóknnum samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2111/2005, gefur til kynna að möguleiki sé á að endurskoðunin muni leiða til jákvæðrar niðurstöðu;
 - endurskoðunina má framkvæma í húsakynnum flugrekandans án áhættu á að stefna öryggi eða starfsmönnum hans í hættu; og
 - flugrekandinn fellst á endurskoðunina.

Endurskoðunin kann að fela í sér mat á eftirlitinu sem heimaríki flugrekandans framkvæmir á umsækjandanum. Nákvæmari útskýringar hvað varðar samspilið við reglugerð (EB) nr. 2111/2005 má finna í málsgreinum 51-60.

43. Í þeim tilvikum þar sem ekki tekst að koma á trausti, þ.e. flugrekandinn getur ekki sýnt fram á að hann uppfylli skilyrðin eða ljóst er að heimaríki flugrekandans tekst ekki að tryggja fullnægjandi eftirlit, leiðir t.d. af USAOP endurskoðun, skal stofnunin ekki gefa út leyfi þar sem hún mun ekki koma í stað eftirlitsyfirvalds yfir viðkomandi flugrekanda.
44. Í eftirlitsáfanganum verður skrifborðsendurskoðunin einnig aðalaðferðin. Umfang eftirlitsins ákvarðast á grunni fyrri leyfisveitinga og/eða eftirlitsstarfsemi.
45. Í upphafstillögunni myndi skoðun á frammistöðu flugrekandans eiga sér stað með millibilum sem ekki fara yfir 24 mánuði. Í núverandi tillögu má auka þetta 24 mánaða millibil í að hámarki 48 mánuði með eftirfarandi skilyrðum, sem finna á í 220. gr.:
- heimaríki flugrekandans framkvæmir eftirlit með fullnægjandi hætti;
 - flugrekandinn hefur tilkynnt um breytingar í tíma;
 - engar stigs 1 niðurstöður hafi verið gefnar út; og
 - allar leiðréttandi aðgerðir hafa verið framkvæmdar í tíma og með fullnægjandi hætti.
46. Benda má á að draga má úr millibilunum ef vísbendingar eru um að öryggisframmistaða flugrekandans og/eða heimaríkisins fari versnandi.
47. Nýtt ákvæði um framfylgdarráðstafanir hefur verið kynnt til sögunnar. Aðskilið ferli verður notað fyrir sviptingu og afturköllun á leyfi. Á fyrsta stigi mun stofnunin einungis fara fram með leyfissviptingu. Með því að svipta leyfi hefur stofnunin í reynd komið í veg fyrir hættuna því flugrekandanum er ekki heimilt að fljúga lengur í Evrópusambandinu. Sviptingu fylgir afturköllun ef á 6(+3) mánaða tímabili flugrekandanum (í samræmi við hluta-TCO) eða heimaríki flugrekandans (í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005) tókst ekki að sýna fram á að

nauðsynlegar aðgerðir til lagfæringar hafi verið framkvæmdar eða ef flugrekandinn er á öryggislista ESB samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

48. Stofnunin má einungis framkvæma endurskoðun á flugrekandanum í kjölfar sviptingar. Slík endurskoðun fer fram samkvæmt sömu skilyrðum og gilda um flugrekendur í banni í upphafsáfanganum.
49. Niðurstaðan er sú að álitid var gert með hliðsjón af grein 9(5)(d) í grunnreglugerðinni, sem kveður á um að ferlið fyrir leyfisveitingunni sé einfalt, einkennist af meðalhófi, hagkvæmt og skilvirkt í öllum tilvikum og uppfylli allar kröfur og fylgnissannprófanir í réttu hlutfalli við margbreytileika starfseminnar og þeirra hættna sem eru fyrir hendi. Tilgangur þess er að tryggja rétt jafnvægi á milli þess að lágmarka skrifræðislegar hindranir fyrir alþjóðlega flugrekendur og að tryggja mikið öryggi innan Evrópusambandsins. Með því að skoða hvaðan upplýsingarnar berast og framkvæma eðlilegt og yfirvegað mat á öryggisupplýsingum úr ferlinu er reynt að tryggja óhlutdrægni og meðalhóf eins og framast er unnt. Hin ráðgerða skrifborðsendurskoðun er augljóslega helsti þátturinn í leyfisveitingarferlinu. Þrátt fyrir það ætti leyfisveitingarferlið ekki að verða tóm skel. Tilgangur þess er að tryggja mikið öryggi innan Evrópusambandsins. Þess vegna snýr álitid að tilvikum þar sem þörf er á frekara mati. Endurskoðun er einungis ráðgerð í upphafsáfanganum fyrir flugrekendur í banni samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2111/2005 eða í kjölfar sviptingar á fyrra leyfi.
50. Hluti-TCO gerir ráð fyrir einslitu matsferli fyrir flugrekendur þriðja ríkis sem miðar að því að samræma núverandi misleit innlend kerfi í Evrópusambandinu. Í framtíðinni mun flugrekandi þriðja ríkis einungis sækja einu sinni um leyfi sem mun svo gilda í öllu Evrópusambandinu. Einsleit matsviðmið munu gilda (ICAO staðlarnir) sem kemur í veg fyrir hættuna á að flugrekendur þriðja ríkis þurfi að gangast undir stríðandi kröfur innan Evrópusambandsins. Að lokum mun eitt yfirvald beita þessum matsviðmiðinum og þannig verður aukið við sanngirni og gangsaði.

Tengsl hluta-TCO og reglugerðar (EB) nr. 2111/2005

51. Í fyrri tillögu (CRD til NPA 2011-05) hefði stofnunin einungis tekið til greina umsóknir flugrekanda á öryggislista ESB vegna lélegrar frammistöðu flugrekandans sjálfs.
52. Hins vegar eftir að mat var lagt á kostinn á því að heimila öllum flugrekendum í banni að sækja um leyfi, eins og lagt var til í fjölmörgum athugasemdum við CRD, ákvað stofnunin að það myndi samstillta töluvert ferlið sem notað er samkvæmt hluta-TCO og reglugerð (EB) nr. 2111/2005. Af þeim sökum heimilar álitid nú að allir flugrekendur í banni geti sótt um leyfi. Auk þess, eins og áður hefur verið nefnt, hefur stofnunin sýnt viðleitni til þess að koma orðum að matsferlinu með slíkum hætti að hann sé í fullu samræmi við þau úrræði sem reglugerð (EB) nr. 2111/2005 býður upp á.
53. Stofnunin mun vinna úr umsókninni í samræmi við eftirfarandi ferli. Þegar stofnuninni hefur borist umsókn frá flugrekanda í banni mun hún á fyrsta stigi fylgja sama matsferli og notað er við flugrekendur, sem ekki eru í banni, til þess að komast að raun um hvort flugrekandinn sé í banni vegna lélegrar frammistöðu flugrekandans sjálfs eða vegna ófullnægjandi eftirlits heimaríkis flugrekandans. Ef

hið síðara er raunin mun stofnunin upplýsa framkvæmdastjórnina [grein 205(b)] og biða eftir ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar ef rannsókn á viðkomandi ríki er viðeigandi samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2111/2005. Ef niðurstaða upphafsmatsins samkvæmt hluta-TCO og hugsanleg rannsókn samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2111/2005 er jákvæð mun stofnunin halda áfram úrvinnslu umsóknarinnar og framkvæma staðbundna endurskoðun hjá flugrekandanum. Í slíkri endurskoðun kann að felast mat á eftirliti heimaríkis flugrekandans á viðkomandi flugrekanda þegar vísbendingar eru um stórkostlega annmarka á eftirliti með flugrekandanum.

54. Niðurstaða endurskoðunarinnar verður tilkynnt til framkvæmdastjórnarinnar [grein 205(e)]. Það gerir framkvæmdastjórninni kleift að undirbúa sig undir hugsanlega ákvarðanatöku í flugöryggisnefndinni. Ef um neikvæða niðurstöðu er um að ræða er ekki þörf á frekari aðgerðum samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2111/2005 og stofnunin mun synja umsókninni (210. grein). Ef um jákvæða niðurstöðu er um að ræða getur framkvæmdastjórnin gripið til þess ráðs að fjarlægja umsækjandann, og ef hún telur slíkt nauðsynlegt, alla aðra flugrekendur frá viðkomandi ríki, af öryggislista Evrópusambandsins. Þegar flugrekandinn hefur verið tekinn af öryggislista Evrópusambandsins mun stofnunin samþykkja umsóknina (210. grein).
55. Ef um er að ræða að flugrekandinn er bannaður vegna öryggismála flugrekandans sjálfs, mun stofnunin hefja úrvinnsluna strax eftir að umsóknin hefur borist, þar sem rannsókn á heimaríki flugrekandans er óþörf samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2111/2005. Þegar niðurstaða mats stofnunarinnar er jákvætt má framkvæmdastjórnin gripið til þess að gera ráðstafanir til þess að taka flugrekandann af öryggislista Evrópusambandsins.
56. Hluti-TCO er einnig í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005 um flugrekendur sem ekki eru í banni. Í þeim tilvikum, sem stofnunin ákveður að synja um leyfi, mun hún tilkynna framkvæmdastjórninni um það [110. grein]. Framkvæmdastjórnin að sama skapi kann að íhuga að setja flugrekandann á öryggislista Evrópusambandsins.
57. Þegar synjunin er vegna þess að heimaríki flugrekandans sinnir ekki eftirlitsskyldu sinni á viðkomandi flugrekanda með fullnægjandi hætti, gæti framkvæmdastjórnin íhugað að setja alla flugrekendur, sem falla undir eftirlit viðkomandi ríkis, í bann. Í slíku tilviki mun stofnunin synja umsóknum frá öðrum flugrekendum frá viðkomandi ríki, ef þær eru fyrir hendi.
58. Einnig tryggir þetta álit samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005 hvað varðar framfylgdarráðstafanir stofnunarinnar. Á fyrsta stigi mun stofnunin einungis takmarka eða svipta flugrekanda leyfi. Með því að gera slíkt er í fyrsta lagi aðsteðjandi hættu að fullu bægt frá, þar sem slíkt jafngildir í raun rekstrarbanni og í öðru lagi gerir það framkvæmdastjórninni kleift að sinna skyldu sinni með því að setja flugrekandann á öryggislistann.
59. Þegar stofnunin takmarkar eða sviptir leyfi skal hún tilkynna framkvæmdastjórninni um það [grein 110(a)(2)]. Ef takmörkunin eða sviptingin er vegna mikilsháttar öryggisbrests heimaríkis flugrekandans, gæti framkvæmdastjórnin ákveðið að kalla viðeigandi ríki til sameiginlegra viðræðufunda samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2111/2005. Þegar niðurstaða slíkra viðræðufunda er neikvæð mun framkvæmdastjórnin setja flugrekandann (og alla flugrekendur viðkomandi ríkis) á öryggislista Evrópusambandsins og stofnunin mun breyta sviptingunni í afturköllun

um leið og flugrekandinn verður hluti af viðauka A (algjört bann). Í þeim tilvikum sem flugrekandi verður hluti af viðauka B (rekstrartakmarkanir) mun stofnunin viðhalda takmörkununum [grein 235].

60. Að lokum eiga aðildarríkin kost á því að setja á sjálfstæð bönn á eigin landsvæði þegar nauðsyn ber til vegna ófyrirsjáanlegra öryggisvandamála [6. grein reglugerðar (EB) nr. 2111/2005]. Til þess að koma í veg fyrir stríðandi ráðstafanir ættu viðeigandi aðildarríki að tilkynna stofnuninni strax um fyrirhugaðar aðgerðir [grein 110(c)]. Stofnunin mun að sama skapi grípa til aðgerða til þess að takmarka eða svipta leyfinu [grein 235(a)(3)].

IV. efnahagsleg og stjórnsýsluleg áhrif breytinganna samanborið við CRD

61. Frumkvæði í nálgun og styrking eftirlits með flugrekendum þriðja ríkis, eins og kveðið er á um í grunnreglugerðinni, hefur að sjálfsögðu fjárhagsleg áhrif. Hin endurskoðaða aðferðarfræði miðar að því að draga enn frekar úr tengdum kostnaði með því að halda sig frá reglulegum endurskoðunum og með því að úrvinnsla umsókna fari fram með spurningalistum og skrifborðsendurskoðunum. Auk þess mun ferlið, sem lagt er til, tryggja að fjármunir stofnunarinnar, séu notaðir með réttum hætti þar sem áhersla er lögð á mat á flugrekendum sem stofnunin ber síður traust til.
62. Bein áhrif hinna breyttu nálgunar er minnkaður launakostnaður og kostnaður við sendinefndir vegna dýrra og flókinna leiðangra, þar á meðal þátttöku hæfra aðila, en samkvæmt upphaflegu tillöguninni hefði slíkur kostnaður orðið mikil byrði fyrir iðnaðinn. Jafnframt eru ekki efnahagslegar eða stjórnsýslulegar byrðar lagðar á herðar umsækjendanna við skipulagningu staðbundinna skoðana á vegum EASA teymis.
63. Af hálfu stofnunarinnar er gert ráð fyrir að endurskoðaða aðferðin fyrir upphaflega matið og eftirlitið muni draga um þriðjung úr fyrri áætlunum um starfsmannafjölda. Útreikningur á fjármunum takmarkast við verkefni sem unnin eru beint með umsækjendum og þar sem gera má ráð fyrir þeim kostnaði sem af þeim leiðir. Skilvirkni ferlisins og fjármunir byggja að miklu leyti á því að sérsniðinn hugbúnaður sé til staðar fyrir söfnun og geymslu TCO upplýsinga og samskipti við umsækjendur, leyfishafa, aðildarríkin og framkvæmdastjórnina.
64. Óvissa ríkir um áhrif flugrekenda í banni sem sækja um leyfi. Um þessar mundir eru um 300 flugrekendur á öryggislistanum og ef þeir sækja allir um mun fjöldi væntanlegra umsókna aukast til muna, en það mun hafa töluverð áhrif á nauðsynlegt fjármagn.

V. hluti-TCO

VI. breytingar samanborið við CRD

65. Eins og áður var útskýrt hefur fjölmörgum ákvæðum í hluta-ART, sem tengjast matsaðferðafræðinni fyrir upphafs- og eftirlitsáfangann, verið breytt til þess að tryggja að viðmiðin, eins og þau eru skilgreind í grein 9(5), málsgrein (d) í grunnreglugerðinni séu uppfyllt.
66. Auk þess hafa frekari breytingar verið gerðar til þess að tryggja samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

VII. I . kafli - almennar kröfur

67. Kaflinn inniheldur almennar kröfur fyrir flugrekendur þriðja ríkis sem stunda flutningaflug.
68. Flestar reglurnar í kaflanum svara til þeirra reglna sem upphaflega var gerð tillaga um í CRD TCO.GEN.

Sérstök málefni**TCO.100 gildissvið**

69. Þetta ákvæði er nýtt og skilgreinir gildissvið hluta-TCO.

TCO.110 tilkynnt frávík við ICAO

70. Ákvæðið hefur verið kynnt til sögunnar til skýringar. Það endurspeglar kröfurnar í ART.200(d) sem skyldar stofnunina til þess að auðkenna þá ICAO staðla sem hún getur samþykkt mótvægisáðgerðir fyrir þegar heimaríki flugrekandans eða skráningarríki hefur tilkynnt um frávík við ICAO staðal.

II. hluti - starfræksla loftfara

71. Kaflinn inniheldur rekstrarkröfur fyrir flugrekendur þriðja ríkis sem stunda flutningaflug.

Sérstök málefni**TCO.200 almennar kröfur**

72. Tilvísunin í málsgrein (a) til gildandi reglna heimaríkis flugrekandans og skráningarríkis loftfarsins sem gildandi staðlar í ICAO viðaukunum byggja á, hefur verið eytt út til þess að koma í veg fyrir að hún verði túlkuð þannig að stofnunin hyggist meta flugrekendur þriðja ríkis út frá reglum hins þriðja ríkis. Eins og áður hefur verið nefnt er það alls ekki ætlun stofnunarinnar að taka yfir hlutverk hins lögbæra eftirlitsstjórnvalds.
73. Tilvísunin til alvarlegra slysa í málsgrein (e) hefur verið eytt út vegna þess að hún er talin of íþyngjandi fyrir flugrekendur þriðja ríkis og stofnunina. Ef nauðsyn ber til mun stofnunin nota aðrar viðeigandi heimildir fyrir upplýsingar til þess að fá slík gögn.

IV. hluti - leyfisveiting til flugrekenda þriðja ríkis

74. Þessi undirkafli inniheldur kröfur fyrir leyfisveitingu til handa flugrekendum þriðja ríkis sem stunda flutningaflug.

Sérstök málefni**TCO.300 umsókn um leyfi**

75. Eins og áður hefur verið gefið til kynna hefur skyldan til að senda inn umsókn 90 dögum fyrir áætlaða rekstur verið minnkuð í 30 daga fyrir áætlunarflug eða áætlun um flugþjónustu sem ekki er áætlunarflug og 7 daga fyrir óskipulögð flug. Leyfi

fyrir óskipulögð flug er takmarkað að hámarki við 4 flug innan 12 samfelldra mánaða að hámarki og getur flugrekandi þriðja ríkis einungis fengið slíkt leyfi einu sinni á hverju almanaksári. Hins vegar þegar engar þýðingarmiklar öryggishættur eru fyrir hendi hvað varðar heimaríki flugrekandann eða flugrekandann sjálfan og flugrekandinn getur sýnt fram á óvænta og brýna rekstrarþörf, getur stofnunin tekið ákvörðun um að meðhöndla umsókn sem ekki er send inn 7 dögum fyrir áætlaðan rekstur.

TCO.315 áframhaldandi gildi

76. Hugmyndin um að leyfi fyrir flug, sem ekki er áætlunarflug, muni verða gefið út fyrir takmarkaðan tíma endurspeglast í málsgrein (a)(4).

VIII. hluti-ART

77. Eins og nefnt var að ofan hefur það aldrei verið ætlun stofnunarinnar að taka yfir hlutverk eftirlitsríkisins eða beita stífri matsaðferðafræði. Eftir að hafa endurmetið aðferðarfræðina hefur verið ákveðið að gera fyrirætlanir stofnunarinnar skýrari og því hefur fjölda ákvæða í hluta-ART, sem tengjast matsaðferðafræðinni fyrir upphafs- og eftirlitsáfangann verið breytt, t.d. með því að breyta hugtakinu 'umsjón' í 'eftirlit', takmarka endurskoðanir við flugrekendur í banni eða eftir leyfissviptingu og heimila áhættubýggða nálgun við leyfisveitingu og eftirlit með flugrekendum þriðja ríkis.
78. Enn fremur hafa fleiri breytingar verið gerðar til þess að tryggja að ferlið samkvæmt hluta-TCO sé í samræmi við ferlið samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

IX. I. kafli - almennt

79. Þessi kafli inniheldur kröfurnar sem gilda fyrir stofnunina hvað varðar flugrekendur þriðja ríkis til, innan og frá ESB.

Sérstök málefni

110. gr. miðlun upplýsinga

80. Með því að nota orðalagið af öryggisástæðum í málsgrein (a)(2), er tryggt að einungis öryggistengdar takmarkanir, sem eru viðeigandi í samhengi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, verði tilkynntar af stofnuninni.
81. Nýrri málsgrein (c) hefur verið bætt til þess að tryggja að aðildarríkin upplýsi stofnunina um fyrirætlan sína að setja einstaklingsbundið rekstrarbann á flugrekendur þriðja ríkis á landsvæði sínu samkvæmt þeim skilyrðum sem tilgreind eru í 6. grein reglugerðar (EB) nr. 2111/2005.

200. gr. upphaflegt matsferli-almennt

82. Málsgrein (c) hefur verið endurskrifuð til þess að endurspegla fyrirsjáanlega matsaðferðarfræði sem einkennist af meðalhópi og til þess að tryggja að framfylgdarráðstafanir, sem teknar eru af þriðja ríki varðandi umsóknaraðilann, muni einnig verða teknar til greina. Tilvísunin til endurskoðunar hefur verið tekin út þar sem stofnunin mun ekki endurskoða flugrekendur þriðja ríkis sem ekki eru á

öryggislista ESB í upphafsáfanganum. Málsgrein (e) hefur verið endurskrifuð til þess að endurspeglar þá áhættubýggðu nálgun sem stofnunin notar með betri hætti. Einnig er hún grunnur fyrir höfnun á umsókn þegar augljóst er að frekara mat er vonlaust.

83. Málsgrein (d) hefur verið breytt til þess að tryggja að stofnunin beini einungis kröftum sínum að þeim ICAO stöðlum sem hún getur samþykkt mótvægisáðgerðir fyrir sem eru á vegum heimaríkis flugrekandans, skráningarríkis eða flugrekandans í þeim tilvikum sem tilkynnt er um mismun á samræmi við 38. grein Chicago samningsins.

205 gr. upphaflegt matsferli - flugrekendur þriðja ríkis sem eru í rekstrarbanni

84. Þetta er algjörlega nýtt ákvæði og endurspeglar það hugmyndina um að allir flugrekendur í banni geti sótt um leyfi. Einnig hefur betra samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005 verið komið á. Svo að það sé skýrt, leggur stofnunin til sérstakt ákvæði fyrir flugrekendur í banni eins og birtist í þessu ákvæði. Eins og áður hefur verið nefnt kann mat á flugrekandann í banni að fela í sér endurskoðun á staðnum.

210. gr. leyfisveiting

85. Gerður hefur verið samanburður á milli viðmiðananna í viðauka við reglugerð (EB) nr. 2111/2005 og viðmiðanna sem skilgreind eru í þessu álitni við leyfisveitingu. Sum af viðmiðunum í fyrrnefndum viðauka endurspeglast ekki með fullnægjandi hætti í hluta-TCO og eru því kynnt til sögunnar í undirmálsgreinum (a)(3) og (4). Auk þess hefur undirmálsgrein (a)(4) verið breytt til þess að tryggja að leyfi verði einungis gefið út þegar engar vísbendingar eru um stórkostlega kerfiságalla í eftirliti heimaríkis flugrekandans sem hafa neikvæð áhrif á frammistöðu flugrekandans. Undirmálsgrein (a)(5) hefur verið kynnt til sögunnar til þess að tryggja að leyfi verði einungis veitt til flugrekanda sem ekki eru í rekstrarbanni.
86. Málsgrein (b) hefur verið endurskrifuð til þess að endurspeglar hina nýlegu hugmynd um flugvélar sem ekki eru í áætlunarflugi (sjá málsgrein 37).

215. grein eftirlit

87. Ákvæðinu hefur verið breytt til samræmis við 200. gr. til þess að tryggja að stofnunin noti sömu viðmið bæði í upphafs- og eftirlitsáfanganum.

220 gr. eftirlitsáætlun

88. Viðmiðum um sérstaka eiginleika flugrekandans og margbreytileika starfsemi flugrekandans sem taka á tillit til við þróun eftirlitsáætlunar hafa verið tekin út. Þrátt fyrir að slík viðmið séu viðeigandi fyrir öryggiseftirlitið, sem framkvæmt er af heimaríki flugrekandans, eru þau talin úr hlutfalli við mati stofnunarinnar á flugrekendum þriðja ríkis. Málsgrein (c) hefur verið breytt og inniheldur skoðunina að draga megi úr 24 mánaða tímabilinu vísbendingar eru um að dregið hafi úr eftirlitsgetu heimaríkis flugrekandans. Möguleikinn á að framlengja tímabilið til 48 mánaða við ákveðin skilyrði hefur nýlega verið kynntur til sögunnar.

230. gr. niðurstöður og leiðréttandi aðgerðir

89. Þar sem einungis er gert ráð fyrir endurskoðun á bönnuðum flugrekendum eða í kjölfar sviptingar á gildandi leyfum, er málsgrein (b)(2) orðin óþörf og var hún því tekin út. Tilvísanir til verkferla flugrekanda og handbækur hafa verið fjarlægðar frá málsgrein (c) þar sem stofnunin mun ekki hafa svo nákvæmt eftirlit með flugrekendum þriðja ríkis. Til þess að veita stofnuninni og flugrekandanum aukinn sveigjanleika við framkvæmd leiðréttandi aðgerðar, hafa tilvísanir til 3 mánaða í undirmálsgrein (e)(2) verið teknar út.

235. gr. takmarkanir, svipting eða afturköllun á leyfum

90. Þetta er algjörlega nýtt framfylgdarákvæði það byggir á framfylgdarákvæðinu sem upphaflega var kynnt til sögunnar í NPA. Eins og áður hefur verið nefnd er meginbreytingin á upphaflegu tillögunni sú að aðskilin ferli verða notuð fyrir sviptingu og afturköllun á leyfi. Á fyrsta stigi mun stofnunin einungis fara fram með leyfissviptingu. Til þess að létta sviptingunni kann að vera að stofnunin framkvæmi endurskoðun ef skilyrðin sem skilgreind eru í 205. gr. (c) hafa verið uppfyllt. Sviptingunni fylgir afturköllun ef á 6(+3) mánaða tímabili flugrekandanum (í samræmi við hluta-TCO) eða ríki flugrekandans (í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005) tekst ekki að sýna fram á að nauðsynlegar aðgerðir til lagfæringar hafi verið framkvæmdar eða ef flugrekandinn er á öryggislista ESB samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2111/2005. Málsgrein (f) var kynnt til sögunnar til þess að tryggja samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005.